

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Krókháls 13.

Erindi varðandi Krókháls 13 var áður auglýst í Stjórnartíðindum þann nr. 712/2018 17. júlí 2018 og birtist með röngum texta sem kemur hér leiðréttur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 4. júlí 2018, breytingu á deiliskipulagi þar sem sett er settjörn norðan við lóðina að Krókhálsi 13. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skólavörðustígur 36.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 4. júlí 2018, breytingu á deiliskipulagi reits 1.181.4, Lokastígsreits 4, vegna lóðarinnar nr. 36 við Skólavörðustíg. Í breytingunni felst m.a. að auka byggingarmagn á 1. hæð að suðvestur lóðarmörkum, nýta þakhæð 1. hæðar að hluta sem þaksvalir og stækka og hækka stigahúsið. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Lofnarbrunnur 14.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 13. júlí 2018 breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 14 við Lofnarbrunn. Í breytingunni felst m.a. að bundnum byggingarlínum á lóðinni er breytt í óbundnar byggingarlínur ásamt fjölgun íbúða og bílastæða á lóð og húsið lækkað. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Gufunesbær, frístundamiðstöð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 20. júlí 2018 breytingu á deiliskipulagi á útivistarsvæði fyrir Gufunesbæ. Í breytingunni felst m.a. að afmarkaður er byggingarreitur fyrir gámahús starfsmannaáðstöðu á grassvæði við bílastæði suðvestan við gamla bæinn. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Framnesvegur 38.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 22. júní 2018 breytingu á deiliskipulagi Sólvallargötureits vegna lóðar nr. 38 við Framnesveg. Í breytingunni felst m.a. hækkan á nýtingarhlutfalli, heimilt verði að setja þakkvisti á húsið og að hafa allt að þrjár íbúðir í húsinu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 9. ágúst 2018.

Björn Axelsson.